



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 5/2009

**Kvörtun Petersen ehf. vegna óréttmætra viðskiptahátta
Halldórs Guðmundssonar og DD ehf.**

I.

Erindið

Neytendastofu barst kvörtun Petersen ehf. með erindi, dags. 11. ágúst 2008. Í erindin er kvartað yfir því að Halldór Guðmundsson og DD ehf. hafi brotið gegn ákvæði 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með því að standa að stofnun DD, sem er í samkeppni við Petersen, og nýta sér tengsl við birgja Petersen til að fá þá í viðskipti við DD, á meðan hann gegndi enn starfi hjá Petersen. Með því hafi Halldór einnig brotið gegn ákvæðum ráðningarsamnings hans við Petersen.

Í erindi Petersen kemur fram að vörustjóri prentlausna hjá fyrirtækinu, Halldór Guðmundsson, hafi með tölvupósti tilkynnt um uppsögn sína, þann 8. maí 2008. Með bréfi Petersen, dags. 21. ágúst 2008, var leiðrétt sú staðreyndavilla að Halldór tilkynnti um uppsögn sína um mánaðarmótin apríl – maí. Ástæða uppsagnarinnar hafi verið sú að Halldór, í félagi við annan starfsmann Petersen, hafi stofnað fyrirtækið DD í samkeppni við Petersen. Halldór hafi einnig tilkynnt Petersen að með þeim færi FotoWare umboðið á Íslandi, en Petersen hefur verið eini umboðsaðili FotoWare á Íslandi til margra ára. Síðar hafi Petersen fengið staðfest hjá höfuðstöðvum FotoWare í Noregi að DD hefði tekið við viðskiptum félagsins.

Að mati Petersen hefur Halldór framið trúnaðarbrot gegn félaginu. Brotið felist í því að hann hafi staðið að stofnun félagsins DD og nálgast birgja Petersen í þeim tilgangi að ná þeim í viðskipti yfir til DD og a.m.k. í einu tilviki náð samningi við birgja Petersen. Trúnaðarbrotið hafi verið framið á sama tíma og Halldór hafi starfað hjá Petersen.

Í 2. gr. ráðningarsamnings Halldórs við Petersen er m.a. að finna ákvæði um starfssvið hans þar sem fram kemur að Halldór sé ábyrgur fyrir markaðssetningu, sölu og umsjón þjónustu við FotoWare notendur. Þá skuli hann sjá um samskipti við birgja, áætlanagerð og söluupplýsingar. Að mati Petersen hefur Halldór misfarið með það traust sem honum var veitt, sbr. ákvæði 2. gr.



ráðningarsamningsins, með því að koma umboðinu yfir á félagið DD. Þá hafi Halldór einnig brotið gegn öðrum ákvæðum ráðningarsamningsins, þ.e. 6. gr. um þagnarskyldu, 8. gr. um takmörk annarra umsvifa þar sem kemur fram að honum sé óheimilt að eiga beint eða óbeint fjárhagslegra hagsmuna að gæta í fyrirtæki sem að öllu eða einhverju leyti er í samkeppni við Petersen, og loks gegn ákvæði 10. gr. um trúnað.

Með því að standa að stofnun DD og nálgast birgja Petersen fyrir hönd DD á sama tíma og Halldór gegndi starfi hjá Petersen hefur hann brotið gegn ákvæðum ráðningarsamningsins. Þá kemur fram í 10. gr. ráðningarsamningsins um trúnað að Halldór hafi kynnt sér sérstaklega ákvæði 13. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nú 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með því að selja sjálfur sömu vörur og hann seldi í starfi sínu hjá Petersen, setja sig persónulega í samband við birgja fyrirtækisins, taka til sín viðskipti frá Petersen og á þann hátt vera í beinni samkeppni við fyrirtækið hafi Halldór brotið gegn ákvæði ráðningarsamningsins sem og ákvæði 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Þess er því krafist að Halldóri og DD verði bannað að hagnýta sér trúnaðarupplýsingar úr rekstri Petersen og að stjórnvaldssekt verði lögð á DD og Halldór í samræmi við ákvæði IX. kafla laga nr. 57/2005.

II.

Málsmeðferð

1.

Bréf Petersen var sent Halldóri og DD til umsagnar með bréfum Neytendastofu, dags. 14. ágúst 2008.

Með bréfi Petersen, dags. 21. ágúst 2008, var leiðrétt staðreyndavilla í fyrra bréfi fyrirtækisins þar sem fram kom að Halldór hafi sagt upp störfum þann 8. maí 2008. Hið rétta sé að Halldór hafi sagt upp störfum um mánaðamótin apríl – maí og hafði verið samkomulag milli aðila um að hann ynni sinn uppsagnarfrest, þ.e. maímánuð.

Bréf Petersen var sent Halldóri og DD með bréfum Neytendastofu, dags. 27. ágúst 2008.

2.

Neytendastofu barst svar Halldórs og DD með bréfi, dags. 25. ágúst 2008, þar sem því er mótmælt að brotið hafi verið gegn ákvæðum 16. gr. c. laga nr. 57/2005.



Í bréfinu kemur fram að Halldór hafi verið ráðinn sem sölufulltrúi á prentsviði til Hans Petersen ehf. þann 30. janúar 2007. Í apríl 2007 hafi verið stofnað nýtt fyrirtæki, Petersen ehf., sem tók yfir þann hluta rekstrar sem Halldór starfaði við. Ekki hafi verið gerður nýr ráðningarsamningur. Meðal starfa Halldórs hafi verið markaðssetning og sala á vörumerki FotoWare auk þjónustu við notendur þess. Störf í þágu FotoWare hafi aðeins verið óverulegur hluti starfssviðsins, eða um 25% af daglegum störfum.

Þann 29. febrúar 2008, hafi Halldór sagt upp störfum þar sem hann hafi ákveðið að stofna eigin heildsölu og flytja inn ýmsar vörur frá Kína og fleiri löndum. Á sama tíma hafi vinnufélagi hans, Steingrímur Stefánsson, einnig sagt upp störfum og þeir rætt um að starfa saman að hinni nýju heildsölu. Stofnun félagsins var algjörlega óháð og óviðkomandi FotoWare og hið nýstofnaða félag var ekki stofnað í þeim tilgangi að vera í beinni eða óbeinni samkeppni við Petersen heldur til að vera með heildverslun á tölvum og tæknivörum ásamt útseldri tæknivinnu m.a. til Petersen.

FotoWare hafi að eigin frumkvæði leitað til DD og óskað eftir því að félagið tæki við FotoWare umboðinu á Íslandi. Þann 8. maí 2008, hafi FotoWare tekið þá ákvörðun einhliða að slíta samstarfi við Hans Petersen og hætta viðskiptum við Petersen. Byggðist sú ákvörðun á þeirri staðreynd að Petersen hafi sinnt illa markaðs- og sölustarfi fyrir vörur fyrirtækisins auk þess sem engin þekking hafi verið til staðar innan fyrirtækisins. Halldór átti því engan þátt í slitum samstarfs FotoWare og Petersen.

Því er mótmælt að Halldór hafi sagt upp störfum og tilkynnt Petersen að tilgangur uppsagnarinnar væri að fara í samkeppni við félagið og af þeim sökum hafi birgjum Petersen verið náð af þeim. DD sé ekki í samkeppni við Petersen þar sem fyrirtækin starfi ekki á sama sviði. Petersen bjóði ekki upp á neina þá þjónustu sem teljist vera í samkeppni við DD. Þar fyrir utan sé ekkert sem komi í veg fyrir að Halldór eða DD stofni til samkeppni við Petersen.

3.

Bréf Halldórs og DD var sent Petersen til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 1. september 2008. Svar barst með bréfi, dags. 8. september 2008, þar sem m.a. eru ítrekaðar fyrri kröfur.

Í bréfinu kemur fram að Petersen hafi yfirtekið ráðningarsamning Hans Petersen við Halldór í apríl 2007 skv. munnlegu samkomulagi beggja aðila. Bæði Petersen og Halldór hafi starfað eftir umræddum samningi líkt og fram kemur í tölvupósti þann 7. janúar 2008, sem Halldór sendi til Ragnhildar Ásmundsdóttur framkvæmdastjóra Petersen. Þar vísi Halldór til ráðningar-samningsins og geri kröfu um bónus á grundvelli hans. Samningurinn hafi því verið í fullu gildi þegar trúnaðarbrot Halldórs áttu sér stað.



Af hálfu Petersen er ekki fallist á það að störf Halldórs í þágu FotoWare hafi verið óverulegur hluti af starfssviði Halldórs. Þau störf hafi verið sérstaklega tilgreind í ráðningarsamningi hans þó ekki sé hægt að setja ákveðna prósentutölu á fyrirferð þess hluta starfsins. Þó fallist væri á að um 25% af daglegum störfum hans hafi verið að ræða verði ekki fallist á að það sé óverulegur hluti.

Því sé haldið fram að Petersen hafi sinnt illa markaðs- og sölustarfi fyrir vörur FotoWare og því hafi fyrirtækið leitað til DD. Markaðs- og sölustarf fyrir FotoWare féll undir starfssvið Halldórs allt þar til FotoWare hætti viðskiptum við Petersen og því dæmi slík ummæli sig sjálf.

Af hálfu Petersen er ekki fallist á það að DD sé ekki í samkeppni við Petersen. Umrætt umboð FotoWare hafi verið hjá Petersen en sé nú hjá DD. Þá hafi starfsmenn Kodak, aðalbirgja Petersen, tjáð framkvæmdastjóra Petersen það að umræddir fyrrum starfsmenn Petersen hafi sett sig í samband við félagið í þeim tilgangi að ná viðskiptum þeirra frá Petersen. Þá hafi Halldór sett sig í samband við annan birgja Petersen, Printflow, og stofnað til viðskipta við Huber, sem er birgir Petersen.

Halldór stofnaði DD meðan hann starfaði hjá Petersen og var bundinn af ráðningarsamningi við fyrirtækið. Þó svo að fallist væri á það með Halldóri að DD væri ekki að öllu leyti í samkeppni við Petersen komi skýrt fram í 8. gr. ráðningarsamnings Halldórs að starfsmanni sé óheimilt, án samþykkis framkvæmdastjóra, að eiga beint eða óbeint fjárhagslegra hagsmuna að gæta í fyrirtæki, sem að einhverju leyti reki starfsemi á sama sviði og atvinnurekandi eða sé í samkeppni við atvinnurekanda. Starfsmanni sé óheimilt að starfa hjá eða fyrir slíkt fyrirtæki á meðan hann þiggur laun frá Petersen án skriflegs samþykkis framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

4.

Bréf Petersen var sent Halldóri og DD til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 18. september 2008. Ekkert svar barst og var aðilum málsins því tilkynnt, með bréfi Neytendastofu, dags. 24. nóvember 2008, að gagnaöflun væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

Neytendastofu bárust athugasemdir frá Halldóri og DD með bréfi, dags. 8. desember 2008. Þar kemur m.a. fram að því sé ranglega haldið fram í erindi Petersen að Halldór hafi tilkynnt er honum var vikið frá störfum að hann tæki með sér umboð FotoWare sem Petersen haldi fram að þeir hafi verið með viðskiptasamning við. Hið rétta sé að FotoWare hafi aldrei verið með viðskiptasamning við Petersen, því samningur hafi verið milli FotoWare og Hans Petersen sem nú sé gjaldþrota. Þetta komi skýrt fram í bréfi FotoWare þar sem tilkynnt sé um uppsögn á samningi við Hans Petersen. Það að Halldór hafi tekið eitthvert umboð með sér sé því beinlínis rangt.



Í sömu tilkynningu FotoWare sé einnig staðfesting á því sem áður hafi verið haldið fram að FotoWare taldi viðskiptum sínum best borgið annarsstaðar. Slík einhliða ákvörðun fyrirtækis geti aldrei falið í sér ólögmeta viðskiptahætti hjá þeim sem tekur að sér að þjónusta fyrirtækið.

Ráðningarsamningi Halldórs var rift, þann 8. maí 2008, og féll þar með niður trúnaðarsamband aðila, að öðru leyti en kveðið er á um í lögum. Það að einstök fyrirtæki hafi haft samband við Halldór og óskað eftir viðskiptum við hann eða fyrirtæki hans geti aldrei talist brot á ákvæðum laga nr. 57/2005. Halldór hafi ekki haft frumkvæði að slíkum samtölum, hvorki við FotoWare né önnur fyrirtæki.

Að mati Halldórs sé hvergi lagt bann við því að starfsmenn starfi á sama sviði og þjónusti birgja fyrrum vinnuveitanda þess óski fyrirtækin eftir því eins og fyrir liggir í máli þessu.

5.

Bréf Halldórs og DD var sent Petersen til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 15. desember 2008. Svar barst með bréfi, dags. 8. janúar 2009, þar sem rakin er í tímaröð atburðarásin frá uppsögn Halldórs til riftunar ráðningarsamningsins. Samningnum hafði ekki verið rift þegar trúnaðarbresturinn átti sér stað. Halldór hafi því vegna starfs síns hjá Petersen verið í aðstöðu til að ná samningi við FotoWare enda haft viðskiptatengsl og aðgang að upplýsingum vegna starfs síns.

Trúnaðarsamband Halldórs og Petersen hafi ekki fallið niður fyrr en ráðningarsamningi hans var rift, sem gerðist í kjölfar þess að hann tilkynnti um samning sinn við FotoWare.

Skriflegur samningur hafi verið milli FotoWare og Hans Petersen hf. en Petersen hafi áður verið deild innan þess félags. Þrátt fyrir að formlegur samningur hafi ekki verið við Petersen voru allir vörureikningar frá FotoWare stílaðir á Petersen eftir að það félag tók til starfa.

6.

Bréf Petersen var sent Halldóri og DD til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. janúar 2009. Ekkert svar barst og var aðilum málsins því tilkynnt með bréfi Neytendastofu, dags. 2. febrúar 2009, að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir þau gögn sem bæst höfðu við gagnaskrá, dags. 24. nóvember 2008.



III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Petersen ehf. yfir því að Halldór Guðmundsson hafi nýtt sér trúnaðarupplýsingar sem hann öðlaðist í starfi hjá Petersen til þess að ná til sín viðskiptum við FotoWare með stofnun félagsins DD ehf. sem er í samkeppni við Petersen. Halldór hafi skv. ákvæði ráðningarsamnings verið óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar sem hann öðlaðist í starfi sínu hjá Petersen og að eiga beint eða óbeint fjárhagslegra hagsmuna að gæta í fyrirtæki sem að einhverju leyti reki starfsemi á sama sviði og Petersen á meðan hann þiggi laun hjá félaginu. Halldór sagði upp störfum hjá Petersen þann 29. febrúar 2008 og ráðgert var að hann ynni út uppsagnarfrest eða til maíloka 2008. Samningnum var hins vegar rift þann 8. maí 2008, þegar Halldór tilkynnti Petersen að hann hafi stofnað DD og hafi FotoWare flutt umboð sitt frá Petersen til DD. Halldór og DD hafi því brotið gegn ákvæðum í ráðningarsamningi um starfssvið, þagnarskyldu, takmörkun á umsvifum og um trúnað. Auk þess hafi Halldór brotið gegn ákvæði 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu sem vísað er til í ráðningarsamningi hans.

Af hálfu Halldórs og DD er því hafnað að um brot á ákvæðum laga nr. 57/2005 sé að ræða. FotoWare hafi tekið þá einhliða ákvörðun að flytja viðskipti sín frá Petersen til DD. Þá sé ekkert sem komi í veg fyrir að Halldór stofni til samkeppni við Petersen.

Í erindinu er vísað til ákvæðis 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 segir um 29. gr., sem er efnislega samhljóða núgildandi 16. gr. c. laga nr. 57/2005, að í ákvæðinu séu reglur um vernd rekstrarleyndarmála. Reglurnar séu reistar á því að fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þeirra hagsmuna sem felist í því að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi sem snerta samkeppnisstöðu þeirra sé haldið leyndum. Þau leyndarmál sem ákvæðin feli í sér vernd á geti t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl. Um atvinnuleyndarmál geti verið að ræða þó fleiri en eigandi eða stjórnandi fyrirtækisins viti það. Almenn þekking og reynsla starfsmanns geti þó ekki fallið undir það að vera atvinnuleyndarmál. Gera verður þá kröfu, til þess að atvinnuleyndarmál



njóti verndar skv. ákvæðinu, að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækisins eða það liggi í hlutarins eðli.

2.

Kvörtun Petersen beinist bæði að Halldóri Guðmundssyni og einkahlutafélagi hans DD vegna trúnaðarbrests Halldórs við stofnun félagsins. Milli Petersen og DD var ekkert trúnaðarsamband líkt og milli Petersen og Halldórs og því er það mat Neytendastofu að kvörtun Petersen geti ekki beinist að DD vegna hugsanlegs trúnaðarbrests. Er kvörtun Petersen vegna DD því vísað frá meðferð Neytendastofu.

Þegar Halldór hóf störf hjá Hans Petersen hf. skrifaði hann undir ráðningarsamning þar sem m.a. er kveðið á um að hann skuli gæta trúnaðar um hvaðeina það sem hann verði áskynja í starfi og varði fyrirtækið og viðskiptavinum þess og í því sambandi vísað til 13. gr. laga nr. 57/2005, núgildandi 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Halldór hélt áfram störfum hjá Petersen þegar Hans Petersen varð gjaldþrota. Við þá breytingu var ekki gerður nýr ráðningarsamningur en skv. gögnum málsins starfaði Halldór enn skv. fyrri ráðningarsamningi og bæði Halldór og yfirmaður hans vísuðu á tímabilinu til sammingsins. Verður því ekki annað séð en að Halldór hafi við starfslok verið bundinn af ráðningarsamningi þeim sem hann undirritaði þegar hann hóf störf hjá Hans Petersen.

Samkvæmt ráðningarsamningi var Halldóri óheimilt, án samþykkis framkvæmdastjóra Petersen, að eiga beint eða óbeint fjárhagslegra hagsmuna að gæta í fyrirtæki sem að einhverju leyti reki starfsemi á sama sviði eða í samkeppni við Petersen. Í gögnum málsins hefur því verið mótmælt að DD sé í samkeppni við Petersen. Skv. upplýsingum úr Hlutafélagaskrá var DD stofnað þann 21. apríl 2008, í þeim tilgangi að stunda heildverslun með tölvur, jaðartæki fyrir tölvur og hugbúnað. Tilgangur Petersen skv. Hlutafélagaskrá er önnur heildverslun. Af þessu fæst ekki ráðið hvort fyrirtækin séu í beinni samkeppni en í ljósi þess að bæði fyrirtæki hafa hagsmuni af því að vera með umboð fyrir FotoWare á Íslandi þykir Neytendastofu sýnt að fyrirtækin starfa a.m.k. að einhverju leyti á sama sviði sem óhjákvæmilega felur í sér samkeppni þeirra á milli.

Eins og að framan greinir felur ákvæði 16. gr. c. laga nr. 57/2005 m.a. í sér vernd á sérstakri þekkingu á viðskiptavinum. Starf Halldórs fólst m.a. í því að hann skyldi eiga samskipti við FotoWare vegna umboðs Petersen, sbr. ákvæði í 2. gr. ráðningarsammings um starfssvið hans. Í því sambandi telur Neytendastofa ekki koma til álita hversu hátt hlutfall af starfi Halldórs fólst í því að vera í samskiptum við FotoWare enda hefur hann í starfi sínu hjá Petersen myndað tengsl við FotoWare sem hann að öðrum kosti hefði ekki gert. Í máli þessu hafa ekki verið lögð fram gögn sem með óyggjandi hætti sýna fram á að Halldór hafi komið því til leiðar að FotoWare sagði upp samningi sínum við Petersen í þeim tilgangi að flytja umboð sitt til DD. Vegna tengsla Halldórs við FotoWare þykir Neytendastofu þó ekki leika vafi á því að FotoWare hafi fengið



vitneskju um uppsögn Halldórs frá honum. Þá hefur FotoWare tæpast getað aflað sér upplýsinga um DD á annan hátt en í gegnum Halldór.

Með vísan til alls framangreinds er það mat Neytendastofu að Halldór Guðmundsson hafi brotið gegn ákvæði 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með því að hafa í atvinnuskyni notað trúnaðarupplýsingar um birgja Petersen sem hann öðlaðist í starfi hjá félaginu.

Í erindi Petersen er þess jafnframt krafist að Neytendastofa leggi stjórnvaldssekt á Halldór Guðmundsson í samræmi við ákvæði IX. kafla laga nr. 57/2005. Brot það sem hér um ræðir er brot á trúnaðarskyldu, sbr. ákvæði VI. kafla laganna. Í IX. kafla laganna, sem fjallar um viðurlög, er ekki að finna lagaákvæði sem heimila beitingu stjórnvaldssekta gagnvart einstaklingum sem brjóta gegn ákvæði 2. mgr. 16. gr. c. laganna. Þegar af þeirri ástæðu er kröfu um stjórnvaldssekt gagnvart Halldóri Guðmundssyni vegna brota á trúnaðarskyldum því hafnað.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Halldór Guðmundsson, Perlukór 3c, Kópavogi, hefur með notkun trúnaðarupplýsinga um birgja Petersen ehf. í atvinnuskyni án heimildar forráðamanna Petersen ehf. brotið gegn ákvæði 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 er Halldóri Guðmundssyni bannað að nýta sér þær trúnaðarupplýsingar sem hann öðlaðist í starfi hjá Petersen ehf. í atvinnuskyni.“

Neytendastofa, 5. mars 2009

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir